

# Morgunbladsins

10. tbl.

Sunnudagur 15. marz 1953


XXVIII. árg.

# Uppluni Þjóðminjasafns

NÍUTÍU ÁR eru nú síðan Þjóðminjasafnið var stofnað. Áður höfðu forngrípir verið sendir úr landi, ýmist til Oldnordisk Museum í Kaupmannahöfn, eða seldir og gefnir erlendum ferðamönnum, er hingað lögðu leið sína. Íslendingar voru sjálfir gjörsneyddir á huga fyrir því að varðveita þessa gripi og höfðu ekkert dálæti á þeim.

Þá risu upp tveir mætir menn, Sigurður Guðmundsson málari og Helgi Sigurðsson á Jörfa (síðar prestur á Melum) og ýttu svo rækilega við þjóðinni að hún rumskæði og áttaði sig á því, að þetta mætti ekki lengur ganga. Verður hér nú í stórum dráttum rakinn aðdragandi að stofnun safnsins og birtar löeggjanir þeirra Sigurðar og Helga. Sumt í þeim á erindi til Íslendinga enn í dag, því hörmulegt er hvað þeir eru tömlátir og kærulitlir yfirleitt um fornminjar sínar. Á hverju einasta ári fer hér meira og minna til spillis af gripum, sem bezt væri komnir í Þjóðminjasafnið. Þetta er handvömm, og er hugsunarleysi og kæruleysi um að kenna.

Vitað er, að fátt er nú orðið um



Löggilding á fyrstu skrá safnsins: „Bók þessi að stærð 82 — áttatiú og tvö — arkarblöð, gegnumþrædd og innsigluð með innsigli Stiftamtsins, lög-gildist hér með sem Dagbók Forngripasafnsins í Reykjavíkur kaupstað. — Stiftamannshúsi þann 24. júlí 1864. Th. Jónasson“. — Stiptamannshús kallast nú Stjórnarráð. Þórður Jónasson háyfirdómari var þá settur stiftamannsmaður.

mjög gamla gripi í eigu einstakra manna. En fleira á heima í safninu en margra alda gamlir gripir. Hver gripur verður forngrípur um leið og hætt er að nota hann í daglegu lífi. Á þessari öld hefir aragrúi gripa horfið úr notkun, og þetta eru orðnir forngrípir um leið, vitnisburður um menningu þjóðarinnar og breytta lifnaðarháttu á þessari öld, og ómetanlegur hlekkrur í

hinni táknrænu menningarsögu, sem Þjóðminjasafnið er. Þar til má telja allskonar búsáhöld úr skemmu, smiðju, fjósi, búri, eldhúsi, baðstofu o. s. frv. Þessa gripi má ekki ónýta, þeir eiga að fara í Þjóðminjasafnið. Þegar menn skilja þetta, þá finna þeir eflaust að hvatningarorð þeirra Sigurðar og Helga eru einnig til þeirra tölud, og taka vonandi brýningunni.

### Baldursheims-fundurinn.


Vorið 1860 fundust leifar af dys hjá Baldursheimi í Mývatnssveit. Kom hún í ljós í uppblæstri í holti nokkru um 200 faðma beint austur frá bæardyrum. Sást þar fyrst á höfuðkúpu af manni og hjá heppni spjót. Voru þessir gripir hirtir, en ekkert um það hirt að leita þarna betur eftir því hvort fleira væri þar að finna.

Leið svo heilt ár. Vorið eftir (1861) fannst svo sverð, mjög ryðgæð, á þessum sama stað. Þá tóku ungligar sér það fyrir hendur að grafa upp dysina og fóru auðvitað viðvaningslega að því, stungu upp og mokuðu aðgæzlulítið. En þeir iundu þarna ýmislegt og hirtu, líklega fremur sér til gamans heldur en að þeir rendi grun í að hér væri um merkilegan fornleifafund að ræða.

Þá bjó á Gautlöndum í Mývatns sveit hinn þjóðholli merkismaður Jón Sigurðsson alþingismaður. Pegar hann frétti um þennan fornleifafund hjá Baldursheimi, mun hann þegar hafa rennt grun í að fundurinn væri svo stórmerkur, að ekki mætti láta hér við sitja. Gerði hann sér því ferð þangað og tók skýrslu af fólkini og sendi hana Sigurði Guðmundssyni málara, sem hann vissi að hafði mikinn áhuga fyrir fornminjum. Mundi nú líklega fátt vitað um þennan fund, ef Jóns á Gautlöndum hefði ekki notið við. En skýrsla hans var á þessa leið:

— Dysin vissi frá austri til vesturs, höfuð í austur, svo hann hafði horft móti dyrum, spjótið til hægri handar og tafl og 24 beintölur. Líka lítur út fyrir að skjöldur hafi verið til þeirrar handar, en sjást ekki aðrar leifar þess en naglar og lítið eitt af tré í kring.

Til vinstri handar lá sverðið og sneri oddur niður. Nokkur smástykkj komu þar af járni, er auð-



Hneftafl úr fornmannsdysinni hjá Baldursheimi, 24 tölur renderar úr stórgripatönnnum, teningur og mannsmynd, er menn ætla að sé „hnefi“ sá, sem taflid er við kennt. Enginn veit nú hvernig það hefur verið leikið.

sjáanlega eru af umgjörð meðal-kaflans, slétt en bjúg með lítið bard á röndinni. Sverðið hafði verið í trésliðrum og sjást leifar þess utan á sverðinu báðum megin. Hjá því lá lítið brýni með gati í annan enda, og lítil glertala brotin með gyllingu auðsjáanlegri.

Beinin lágu rétt, handleggir niður með hliðum og fætur réttir og má kalla að leifar þessar hórfi frá landnördri til útsuðurs. Lærleggir voru 17½ þumlungar með hlössum að lengd og samsvarandi því að gildleika. Hér um bil einnar alnar bil frá fóttagalli dysjarinnar var önnur dys af hesti og var hún kringlótt og voru leifar hryggsins hringbeygðar vestan fram, en fótleggir allir til samans austan fram, höfuð i norður, beygt inn að fótlegjunum. Engi merki fundust til reiðskapar önnur en kjaptamél, er var uppi á höfðinu, og ein lítil járnhringja. Hesturinn hefir verið meðallagi stór og ungur, er vel má sjá af tönnunum. Hér að auki fannst lítið ryðgað járn, er menn héldu að væri leifar af litilli öxi.


En Jón á Gautlöndum létt ekki

við það sitja að skrifa þessa skýrslu. Hann hafði einnig náð í Arngrím Gíslason málara og látið hann draga upp myndir af flestum hlutunum. Segir Sigurður málari svo um þessar myndir: „Pær eru ágætlega vel dregnar af ólærðum manni og honum til sóma, hver sem sér þær“.

Pegar Sigurður hafði sengið þessa skýrslu birti hann hana í „þjóðólf“ (10. apríl 1862) og létt fylgja nokkrar athugasemdir um hina fundnu muni. Þykir honum sverðið him mesti kjörgripur, því að sjá megi á hjóltum þess að það hafi verið smelt, þ. e. búið gulli eða silfri og megi á því sjá, að Íslendingar hafi til forna átt sverð, er komið hafi til jafns við dýrustu sverð erlendis á þeim tíma.

### Sigurður vill stofna þjóðlegt forngripasafn.

Þessi haugfundur hjá Baldursheimi kveikti í Sigurði, og í næsta blaði „þjóðólf“ (24. apríl 1862) birtist eftir hann „Hugvekja til Íslendinga“, þar sem hann skorar á þá að hefjast handa um stofnun



Jón Sigurðsson  
á Gautlöndum

forngrípasafns. Í þessari grein kemst hann m. a. svo að orði:

„Það er öllum kunnugt, að meðal Íslendinga hafa um margar aldri verið ýmsir fræðimenn og fornvisinda vinir, sem hafa elskat fornögur vorar og fornrit og sem hafa safnað þeim með aluð og leitast við að útskýra þau á margan hátt. Þetta er í alla staði hrósvert, en hefir verið of takmarkað.

Það sætir undrun hvað þessir menn hafa samt verið misvitrir og einstrengingslegir, því svo lítur út sem þeim hafi allajafna fundizt þessi sín einstrengingslega aðferð nægileg fyrir land og lýð, en því fer fjarri.

Til þess að vér skiljum þjóðerni vort og sögu landsins, bæði að fornu og nýu, og til þess að vér skiljum fornsögurnar, þarf langtum meira en menn hafa enn hugsað um, og vil ég fyrst telja sem eitt af því nauðsynlegasta: Þjóðlegt forngrípasafn. Í það ætti menn að safna öllum þeim vopnum, sem til eru og hér eftir finnast í jörðu, öllum leifum af fornum byggingum, stólum, súlum, útskornum syllum, skápum, kistum, öskum, byrðum o. s. frv., hestbúnaði, verkfærum, búningi, skrauti, húsbúnaði, veggjatjóldum,

klæðnaði, myndum merkra manna, málverkum o. s. frv.“

Síðan bendir hann á það að allir listamenn þurfi á safninu að halda, málarar, myndhöggvarar, sagnfræðingar, skáld og leikritahöfundar. Safnið sé jafn nauðsynlegt og bókasafn. Svo álasar hann Íslendingum fyrir hirðuleysi:

„Það er Íslendingum sjálfum að kenna hve lítið er til af forngrípum og þeirra fráleitu og hirðulausu meðferð á öllu, sem til hefir verið og fundizt hefir. Vil eg fyrst um sinn spara mönnum þá mæðu, að lesa upp allt það syndaregistur, sem ég hefni því viðkomandi.

Ég vil enn spryja góða menn og Íslendinga: Hvað á þetta hirðuleysi lengi að ganga? Eiga menn endilega að streitast við að fleygja öllu út úr landinu, sem í nokkru er nýtt, eða að eyðileggja það í landinu sjálfu af tómu hirðuleysi? Viti menn: Skinnbækurnar eru allar farnar sína leið, og það svo rækilega, að engin að gagni er eftir í sjálfum höfuðstað landsins til að sýna útlendum ferðamanni, sem hefir komið hingað um langan veg til að sjá að minnsta kosti eitt handrit af okkar frægu fornsögum. Er




Sigurður Guðmundsson  
málarí.

þetta sómasamlegt? Eigum við nú að söðla því þar á ofan, að senda burt úr landinu, eður að eyðileggja með öllu alla forngrípi og fornmenjar, svo menn verði í öllum greinum að fara til annara landa, ef menn vilja skilja sögu landsins og fornsögur vorar“.

**Helgi Sigurðsson**  
tekur undir hugmyndina.

Prátt fyrir þessa brýningu Sigurðar virðist svo sem málið hafi legið í þagnargildi allt þetta ár. En hinn 3. marz 1863 birtist í „Íslendingi“ löng grein eftir Helga Sigurðsson á Jöfra, og er hún dagsett 8. janúar. Ræðir hann þarna nauðsyn þess að forngrípasafn sé stofnað og lýsir því hvernig erlendar þjóðir kappkosta að safna forngrípum hjá sér og koma upp voldugum söfnum af þeim.

„Hvað er þá í stuttu máli um íslenzkar fornmenjar að segja? Lítið og að nokkru leyti ógeðfellt. Þær eru nú fáar orðnar til í landinu að því menn vita til og veldur það því, að ýmsar þeirra hafa verið látnar fara út úr landinu á ýmsum tíum, til Dana eða annara útlendinga, fyrir lítið eða ekkert, sem og einnig það, að sumar af forn-



Sera Helgi Sigurðsson  
(eftir málverki, sem Örlygur Sigurðsson hefir gert).

menjunum hafa verið teknar til smíðis, eða með annari ummyndun verið gerðar óþekkjanlegar og sem fornmenjar þýðingarlausar, af sjálfum landsmönnum. Í stuttu máli: Þeim hefir verið tortímt. (Svona fór um spjót, sem fannst í Grettisodda, þar sem Grettir barðist við Mýramenn, svona fór um klótið af sverði Snorra goða, og margt fleira) .....

Á seinni tímum hafa að vísu margir metið mikils fornmenjar og ekki viljað að þær glötuðust, en þeir hafa ekki séð neinn betri veg til að viðhalda þeim, en að senda þær Dönum. Þeir áttu að eiga þær og sjá um þær eins og fleira. .... Í stuttu máli, gamla skoðunin sýnist alltaf hafa verið ríkust sú, að íslenzkum fornmenjum væri bezt borgið hjá Dönum, og að hún hafi haldist við síðan Árni Magnússon safnaði og færði Dönum allar þær fornsögur og handrit, bæði á pappír og kálfeskinni, er hann gat fest hendi á um allt landið. ....

Þótt margt af fornmenjum hafi glatazt, hefir þó til þessa verið nokkuð til af þeim í landinu. .... Og ekki verður það aftur fengið, sem misst er til fulls. .... Látum því ekki ásannast að vér lengur sé um hirðulausir með þær fáu fornmenjar, er sumir af oss enn kynnum hafa handa á milli, vita af, eða finna. Höldum þeim saman og munum eftir því, að margt smátt gerir eitt stórt, að þetta fáa, ef saman kæmi í eitt, getur orðið að safni, er bæði væri þjóðlegt og í marga staði markvert. Hlynnum því af alefli að þessum dýrmæta fjársjóði. Reynum til að safna fornmenjum og koma saman í einn stað. Leggjumst á eitt í þessu, og hver leggi sitt til, af þeim er það geta, og láti í té, þó ekki sé það nema einn forngripur, eða fáir. Höfum því betri von um hlutteknинг manna og aðstoð, sem áform

þetta er nauðsynlegt og fagurt, og margir ágætismenn eru í landinu.

Pess vegna er það ósk míin og von til allra Íslendinga, er ég veit að sjá nauðsyn á íslenzku forn-gripasafni, engu síður en ég og óska þess af heilum hug:

1. að þeir komi inn hjá sem flestum, þar sem þess þarf, verðskuldaðri virðing, þekkingu og ást á fornmenjum landsins;
2. að þeir sé i fyrrispurn um fornmenjar þessar og nái til sín því af þeim, sem unnt er, til þess að frelsa allt þvílikt frá mögulegri glötun;
3. að þeir verði samtaka i og samráða um að safna öllum þessum fornuhlutum svo fljótt sem auðið er, saman á einn stað í landinu og þannig leitast við að landið geti eignast íslenzkt fornmenjasafn.“

#### Fyrsti vísir að

#### Þjóðminjasafni

Síðan segir séra Helgi frá forn-gripasöfnun sinni og lýsir 15 gripum, er hann hafi smátt og smátt eignast á þremur fyrstu árunum eftir að hann kom heim frá Kaupmannahöfn (nema nr. 9 og 10). „Síðan hefi ég ekki getað spurt til eða eignast neitt af slíkum hlutum, þótt ég jafnan haldi spurnum þar um, og sýnir það, að hér nærlendis er ekki orðið um auðugan garð að gresja ....

Sökum þess, að ég hefi hér að framan hvatt landa mína til að hlynna að íslenzkum fornmenjum og safna þeim á einn stað í landinu, mætti með sanngirni ætlast til, að ég láti ekki lenda við orðin tóm, heldur leggi minn skerf til þvíliks safns. .... Sökum þessa gef ég Íslandi framantalda hluti, 15 að tölu, og ætlast til og óska, að þeir verði vísir til safns íslenzkra fornmenja.

#### Skilyrði fyrir gjöfinni.

Séra Helgi setur jafnframt þessi fimm skilyrði fyrir gjöfinni:

- 1) Gjöfin skal vera undir um-

sjón, stiftsyfirvalda Íslands og geymast út af sér (helzt í skáp með loki fyrir) í sama húsi sem stiftsbókasafnið og vera undir geymslu bókavarðarins.

2) Geymslumaður skal rita hina gefnu hluti í kver, sem umsjónarmenn (stiftsyfirvöldin) ákvárdar þar til með áskrift sinni á það. Þar skal og getið hvernig gjöfin sé tilkomin.

3) Nefnda hluti skal ekki ljá neinum manni í neinu skyni burt af geymslustaðnum, og því síður farga, heldur skal geyma þá þar sem vandlegast.

4) En öllum skal gefast kostur á að sjá nefnda hluti, jafnt útlendum mönnum sem innlendum, á þeim tímum, er umsjónarmönnum og gæzlumanni þykir bezt henta. Þeim, sem vilja draga upp hlutina, mæla þá eða nota, án þess þeir þar við skemmist, skal þar til gefast kostur á sjálfum geymslustaðnum.

5) Samkvæmt tilgangi gjafarinnar skal bæta við hana gjöfum þeim, er koma kynnu frá öðrum, og fara með á sama eða líkan hátt. Þær og nöfn gjafaranna skyldi auglýsa á prenti og jafnframt mælast til af mönnum slíkra gjafa.

#### Hverjur voru þessir fyrstu safngripir?

Samkvæmt skrá séra Helga voru gripirnir, sem hann gaf, þessir og taldir í þessari röð:

1. Stokkur skorinn með höfðaletri, nafninu Steinvör Sveinsdóttir á hliðum, en á botni: ANNO MDCXCIV og þar undir XXXL MARTI (Spónastokkur).

2. Lítill kistill með gömlum skurði og ártalinu 1771 innan í lokinu.

3. Trafakefli með útskurði.  
4. Leifar af mjög gömlu sverði, er fannst í sjávarbakka hjá Álfanesi á Mýrum.

5. Tígilkñfur. Skaptið úr kopar með upphleyptum myndum karls og konu. Fannst fjarri manna-byggðum. Var því komið til Konráðs Gislasonar próf. en hann gaf það séra Brynjólfvi Bjarnasyni í Miklaholti, en Brynjólfur gaf Helga.

6. Koparlykill að tröllalæsingu. Er hann skegglaus eins og slikir lyklar voru, en pípa með þrístrengu holi, er gengið hefir upp á þristrendan stand, sem hak hefur verið á til að hræra læsingarjárnioð.

7. Lyklahringur eða sylgja, og innan í stafirnir IHS sem syna að hún er úr kristnum síð.

8. Still úr kopar (brauðstill).

9. Leifar af litlum tálguknini.

10. Kopardoppa aftan af knif-skefti. (Þessir tveir munir fundust er Helgi var að láta ryðja til kartöflugarðs að Jörfa 1862).

11. Reiðgjarðarhringjur, og fylgir sú sögn, að Bolli Þorleiksson hafi að þær.

12. Gamalt drykkjarhorn, allt grafið, með trébotni og tinstút.


14. Partur af kálfskinnsblaði, er

virðist hafa verið samningur, gerður í Skálholti 22. nóv. 1591.

15. Forneskja og galdrur á 19 blöðum í 8 bl. broti. Hafði maður, sem ekki vildi láta nafns síns við getið, skrifað upp þessa forneskju er hann reri undir Jökli, en séra Helgi tók þetta afrit af því.

Í næsta blaði „Íslendings“ (12. mars) birtist grein í tilefni af þessari gjöf séra Helga. Er þar skorað á stiftsyfirvöldin að beitast nú fyrir manð af tulri aivöru og lata eitthvað úr því verða annað en umtal eitt. Siðan segir í greininni:

„Það væri annars mjög merkilegt, et Íslendingar gæli ekki gaum, og hann fullan og fastan, að þessu þarfa og fagra fyrirtæki, að safna saman og geyma á einum stað sem flestar fornmenjar sínar, og það i landinu sjálfu. — Það hefir stundum litið svo út eins og Íslendingar ættu ekkert föðurland, eða að minnsta kosti allsstaðar annarsstaðar en á Islandi. Nú er mál til komið að koma heim attur, lina litið eitt á alheimssástinni, en herða hjá sér föðurlandsástina og láta hana sjást í bröðurlegum samtök-



Jón Árnason


um til þarslegra fyrirtækja, Íslandi til gagns og þjóðinni til sóma“.

#### Akveðið að stofna safnið.

Stiftsyfirvöldunum hafði borizt boð séra Helga áður en það var birt í „Íslendingi“, og þau tóku því með þökkum. Gáfu þau út bréf um það 24. febrúar 1863 að safnið skyldi stofnað, og telzt það siðan stofndagur þess. Siðar var svo þeim Jóni Árnasyni þjóðsagnaritara og Sigurði Guðmundssyni málara falið að hafa alla umsjón með safninu.

En áður en gripir þeir, er séra Helgi gaf, kæmi hingað, barst safninu önnur gjöf og voru þær fyrstu gripirnir er til safnsins komu. Þetta voru gripirnir sem funduð í haugnum hjá Baldursheimi, 11 að tölu.

Jón Sigurðsson á Gautlendum létt ekki við það sitja að gefa skýrslu um þennan fund. Þegar hann sá að von var til þess að hér mundi risa upp forngrípasafn, fór hann til Jóns bónda Illugasonar í Baldursheimi og fékk hjá honum alla gripina til þess að heyr færi í safnið. Sendi svo Jón á Gautlendum gripina suður og skrifaði bréf með. Kom hvort tveggja hingað 15. júlí um sumarið, og þotti forstöðumánnum safnsins heldur vænt um. Jón



Nokkrir af fyrstu mununum, sem Helgi Sigurðsson á Jötfa gaf, útskornir kistlar og trafakelli.

Árnason tilkynnti stiftsyfirvöldum þetta sama dag með bréfi og mæltist til þess að stiftamtmaður legði fram 20 rdl. af því fé sem á fjárlögum var ætlað til óvissra útgjaldar, „til þess að fornmenjar þessar verði geymdar á þann hátt, sem slika hluti er vant að geyma erlendis, í lokaðum skápum með glerhurðum fyrir, þar sem hlutirnir geta sézt, en engi handleikið þá, því við því mega þeir ekki“.

Stiftsyfirvöldin brugðust vel við þessu og veittu umbeðna fjárhæð upp á væntanlegt samþykki stjórnarinnar.

Gjöf séra Helga Sigurðssonar kom hingað í ágúst og síðan fóru munir að streyma til safnsins. „Þjóðolfur“ bauðst til þess að birta skrá um allt er safninu bærist. Fyrsta gjöfin, sem þar er nefnd, var frá séra Halldóri Jónssyni á Hofi.

Í næstu skrá (25. jan. 1864) eru svo taldir 20 forngrípir, sem Sigurður málari hefir gefið. Og í þriðju skránni eru taldir 10 grípir, er Jón Árnason hefir gefið safninu.

Hinn 5. ágúst 1864 er skrá um merka grípi er fundizt höfðu í Þjórsárdal 20 árum áður og Sigurður Sverrisson sýslumaður sendi safninu.

En það er fyrst 28. jan. 1865 að í skránni um þá forngrípi, sem borizt hafa, fylgir hverjum grípi það númer, sem hann hefir í safninu. Og eftir þeiri skrá að dæma eru grípirnir þá komnir nokkuð á 5. hundrað.

#### Hver á heiðurinn af stofnun safnsins?

Það hafa stundum verið skiftar skoðanir um það hverjum beri heiðurinn af því að hafa verið frumkvöðull að stofnun safnsins.

Sigurður Guðmundsson málari hóf fyrstur allra máls á þeiri nauðsyn að stofna hér forngrípasafn. Átta mánuðum seinna skrifar séra

Helgi Sigurðsson hvatningargrein, um að safnið sé stofnað og gefur til þess 15 gripi. En Jón á Gautlöndum hafði fyrst, með áhuga sínum fyrir Baldursheims-fundinum vakið Sigurð Guðmundsson upp til að fara á stað með hugmynd sína, og Jón á Gautlöndum verður fyrstur allra manna til þess að senda safninu gripi.

25 ára afmæli safnsins var haldið hátíðlegt með veizlu í Hótel Alexandra hinn 24. febr. 1888. Segir dr. Jón Helgason biskup að þá hafi orðið „allmikið blaðaþras“ út af því hvern bæri að telja stofnanda safnsins, séra Helga Sigurðsson eða Sigurð Guðmundsson málara. „Endanleg niðurstaða fékkst engin, en um það urðu menn á eitt sáttir, að hugmyndin um stofnun safnsins væri í fyrstu frá Helga runnin“. Aftur á móti segir svo í „Ísafold“ um hóf þetta:

„Samsætisalurinn var prýddur með fánum og skjaldarmerkjum, og í miðju mynd Sigurðar heitins Guðmundssonar málara, er mest allra vann að safninu meðan honum entist aldur til. .... Mælt var fyrir minni séra Helga Sigurðssonar, sem aðalfrumkvöðuls að stofnun safnsins o. s. frv. og Jóns Árnasonar, fyrrum bókavarðar, er einnig hafði átt bezta þátt í stofnun þess, og þjónað því lengi sem umsjónarmaður, launalaust að kalla. Sömuleiðis Jóns Sigurðssonar alþpm. á Gautlöndum, er hafði að nokkrum leyti lagt grundvöll til safnsins með hinum merkilega Baldursheimsfundi“.

Það mun sannast mála, að allir eiga þessir mætu menn heiðurinn af því í bróðerni að hafa komið þessari merkilegu stofnun á laggirnar. Peir geta vel notið hans allir í félagi, án þess að nokkrum þeirra sé óréttur ger. Helzt hefir hlutur Jóns á Gautlöndum verið fyrir borð borinn og hans sjaldn-

ast getið í sambandi við stofnun safnsins, en honum ber eigi síður að þakka en þeim Sigurði Guðmundssyni og séra Helga Sigurðssyni.

Á. Ó.